



Fundargerð 11. fundar stjórnar SSA, haldinn 5. maí 2020

Fundurinn var haldinn í fjarfundarbúnaði og hófst hann kl 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1.1 Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2019-2020

Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð næst þegar stjórn kemur saman.

1.2 Fundargerð 15, 16, 17. fundar framkvæmdaráðs

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (485-494), SSNV (54), SSNE (8), SASS (557)

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.4 Fundargerðir sambandsins (880) og gögn

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1.5 Staða verkefna í aðgerðarpakka sambandsins staða 23. apríl

Lagt fram til kynningar.

1.6 Lækkun hjá jöfnunarsjóði

Lagt fram til kynningar.

1.7 Framhald efnahagsaðgerða -kynningarglærur

Lagt fram til kynningar.

1.8 Starfsáætlun þingsins

Lagt fram til kynningar.

2. Innra starf SSA

2.1 Aðalfundur SSA 2020

- Aðalfundur – undirbúningur og næstu skref
- Undirbúningur vegna breytinga á samþykktum
- Skipun í undirbúningsnefndir fyrir aðalfund

Framkvæmdastjóri fór yfir tímalínu undirbúnings fyrir aðalfund sem haldinn verður 23.júní í Fjarðabyggð. Ákveðið að stjórn skili inn tillögum til framkvæmdastjóra um aðila í nefndir sem þarf að skipa til undirbúnings aðalfundar fyrir næsta stjórnarfund þann 19.maí. Formaður lagði til að gengið yrði frá breytingum á samþykktum á aðalfundinum í vor en stjórnarkjóri frestað fram á haust í ljósi kosninga nýs sameinaðs sveitarfélags.

2.2 Sóknaráætlun



Umræður um viðbótarframlag og möguleg áhersluverkefni í tengslum við viðbótarfjármagn sem sett var í sóknaráætlun 2020.

2.3 Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna.

2.4 Fjallskilasamþykkt

Formaður fór yfir stöðu mála. Samþykktin er í yfirferð hjá ráðuneytinu til samþykktar og auglýsingar og er framkvæmdastjóri að fylgja því eftir í samráði við nefndina sem skipuð var um endurskoðunina á samþykktunum.

2.5 Ósk um tilnefningu, Hallormsstaðaskóli

Formaður kynnti bréf frá formanni skólanefndar Hallormsstaðaskóla þar sem óskað eftir tilnefningum SSA um fulltrúa sinn í stjórn skólanefndar Hallormsstaðaskóla. Málið verður afgreitt á næsta stjórnarfundum þann 19.mai

3. Önnur mál

3.1 Samtöl við stofnanir og fyrirtæki á svæðinu

Framkvæmdastjóri fór yfir fundi sem væri í gangi m.a. er tengist ferðaþjónustunni. Verið er að rýna hvaða talnagögn og upplýsingar er hægt að nálgast til að gefa betri mynd af stöðunni í samráði við sérfræðinga á því sviði.

3.2 Gögn frá Vinnumálastofnun

Framkvæmdastjóri sagði frá því að kallað hafi verið eftir ítarlegri talnagögnum frá Vinnumálastofnun til að meta stöðuna á svæðinu betur.

3.3 Áhrif Covid-19 á sveitafélögin

Umræður um áhrif Covid-19 á tekjutap og útgjaldaaukningu sveitafélaganna.

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl 16:00

Næsti fundur verður haldinn þann 19.mai

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Gauti Jóhannesson

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson